

## Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

*Aðkomustaður:* Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnæðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færir aðkomustaður söfnunartækis í samræmi við það.

*Annar úrgangur:* Annar úrgangur en sá sem flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur.

*Græntunna:* Ílát, með bláu loki, undir endurvinnanlegan heimilisúrgang, annan en garðaúrgang og timbur. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í blátunnu.

*Grátunna:* Ílát, með gráu loki, undir annan heimilisúrgang en þann sem flokkast í blátunnu eða brúntunnu, þó ekki garðaúrgang eða timbur.

*Lífræn tunna:* Ílát, með grænu loki, undir lífrænan heimilisúrgang. Safnað er í lífrænu tunnuna frá íbúum í Árnes- og Brautarholtshverfum. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í lífrænu tunnuna.

*Hörputurnar:* Holur eru borðar í jörð við heimili í dreifbýli þar sem þess er óskað. Í holuna er sett plaströr í það er settur lífrænn úrgangur frá þeim heimilum. Ný hola er boruð þegar sú eldri fyllist

*Grunneining:* Samsetning þriggja íláta: Græntunnu, grátunnu og lífræn tunna eða hörputrun.

*Heimilisúrgangur:* Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

*Húsráðandi:* Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

*Ílát:* Móttökuflát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðunum 140 l, 240 l, 660 l og 1100 l. Önnur ílát eru opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2m<sup>3</sup> upp í 36m<sup>3</sup>.

*Meðhöndlun úrgangs:* Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

*Rekstraradili:* Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

*Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

*Spilliefni:* Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í sneringu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

*Söfnunarleið:* Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi.

**Commented [HB1]:** Tók spilliefni út þar sem skilgreining á heimilisúrgangi vísar ekki til þeirra. Nægilega skýrt er tekið fram í 5.-7. gr. að það sé óheimilt að setja spilliefni í hvers konar ílát.

**Commented [HB2]:** Þessi skilgreining er samhljóða skilgreiningunni í lögum nr. 55/2003. Ég legg til að garðaúrgangi verði haldið hér inni í skilgreiningunni. Nægilega skýrt að undanskilja hann sérstaklega í ákvæðum sem varða heimilisúrgang, eins og er gert í 5-7. gr.

**Commented [HB3]:** Skilgreining fengin úr lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

**Commented [HB4]:** Ég tók út „frá íbúðarhúsum“ því að það er einnig rætt um söfnunarleið í ákvæðum um frístundahús og atvinnuhús.

*Söfnunarstöð (gámastöð):* Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

*Söfnunartæki:* Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr flátum.

*Þjónustuaðili:* Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs.

*Þjónustuverktaki:* Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

### 3. gr.

#### *Fyrirkomulag sorphirðu.*

Um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stöð í framangreindum lögum.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal, en söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fer fram að höfðu samráði við viðkomandi aðila.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

### 4. gr.

#### *Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraradila og landeigenda.*

Íbúum, húsráðendum, rekstaradilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Skylt er að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er, hvort sem slíkur úrgangi er safnað við húsnæði samkvæmt 5.-7. gr. eða skilað til söfnunarstöðvar samkvæmt 9. gr. Setja skal allan úrgang sem safnað er við húsnæði í viðeigandi flát, sbr. 5.-7. gr. Að öðrum kosti er þjónustuverktaka heimilt að skilja hann eftir. Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki. Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða skapa hreinlætisvandamál. Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaugar bifreiðar, vélar, báta og önnur tæki. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorplát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

### 5. gr.

#### *Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.*

Öll íbúðarhús í sveitarfélaginu skulu búin grunneiningu fláta sem sveitarfélagið leggur til. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Í þessi flát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í flátin. Sé fyrirséð að flátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri flátum. Einnig getur hann farið með umframagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Staðsetning fláta má að hámarki vera 20 m frá aðkomustað söfnunartækis við íbúðarhúsnæði.

**Commented [HB5]:** Legg til að spilliefnin verði höfð í aðskilinni efnisgrein þar sem þau falla ekki undir skilgreiningu á heimilisúrgangi.

Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá íbúðarhúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 6. gr.

##### *Söfnun úrgangs frá frístundahúsnæði.*

Húsráðanda frístundahúss er ekki skylt að hafa grunneiningu ílát en getur óskað eftir því að sveitarfélagið leggi hana til á kostnað húsráðanda. Samkomulag um slíka grunneiningu skal gert milli húsráðanda frístundahúsnæðis og þjónustuverktaka. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Húsráðendum frístundahúsa er heimilt að sameinast um ílát. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Sé fyrrséð að ílátin yfiryllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Húsráðandi frístundahúss sem ekki hefur grunneiningu ílát skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 9. gr.

Staðsetning íláta má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal húsráðandi gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá frístundahúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 7. gr.

##### *Söfnun úrgangs frá atvinnuhúsnæði.*

Rekstraraðila er ekki skylt að hafa grunneiningu ílát en getur óskað eftir því að sveitarfélagið leggi hana til á kostnað rekstraraðila. Samkomulag um slíka grunneiningu skal gert milli rekstraraðila annars vegar og þjónustuverktaka eða þjónustuaðila hins vegar. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Sé fyrrséð að ílátin yfiryllist getur rekstraraðili óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Rekstraraðili sem ekki hefur grunneiningu ílát skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 9. gr.

Staðsetning íláta má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal rekstraraðili gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla hirðingu þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Rekstrarúrgangi, garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá atvinnustarfsemi skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins samkvæmt 9. gr. eða móttökustöðvar. Einnig má semja við þjónustuverktaka eða þjónustuaðila um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 8. gr.

##### *Þjónustuaðilar.*

Sveitarstjórn gerir sérstaka samþykkt um samskipti þjónustuaðila og sveitarfélagsins sem fjallar um verklag og tilhögun valkvæðrar þjónustu.

**Commented [HB6]:** Er ekki örugglega hugmyndin að frístundahúss borgi sjálf fyrir ítlátin? Breytti orðalaginu til að hafa samræmi við 7. gr. um rekstraraðila.

**Commented [HB7]:** Ætti e.t.v. að taka þetta út fyrst húsráðandi og þjónustuverktaki gera samkomulag um grunneininguna?

**Commented [HB8]:** Legg til að spilliefnin verði höfð í aðskilinni efnisgrein þar sem þau falla ekki undir skilgreiningu á heimilisúrgangi.

**Commented [HB9]:** Ætti e.t.v. að taka þetta út fyrst rekstraraðili og þjónustuverktaki gera samkomulag um grunneininguna? Ath. að ef efnisgreinin verður tekin út þarf að breyta upphafi næstu efnisgreinar í: „Í ílát grunneingar má aðeins...“

**Commented [HB10]:** Legg til að spilliefnin verði höfð í aðskilinni efnisgrein þar sem þau falla ekki undir skilgreiningu á heimilisúrgangi.

9. gr.

*Móttaka úrgangs á söfnunarstöð.*

Tekið er á móti úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu á söfnunarstöð sem staðsett er á gámasvæðum við Brautarholt og Árnes. Úrgangur sem skilað er til söfnunarstöðvar skal flokkaður samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 10. gr., eru nánar greindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og meðhöndlun hvers um sig. Slík gjöld skulu innheimt við móttöku annarra úrgangsflokka en almenns heimilisúrgangs sem safnað er af sveitarfélaginu eða þjónustuverktaka. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magn tiltekins heimilisúrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar. Ávallt skal tekið gjald fyrir allan rekstrarúrgang.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma.

10. gr.

*Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn er heimilt samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Gjöld skulu lögð á í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu, framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi, sbr. 1. mgr.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, frístundahús og rekstraraðila sem nýtur þjónustu samkvæmt þessari samþykkt. Heimilt er að leggja aukagjöld á rekstraraðila með hliðsjón af magni úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágangi úrgangs og öðrum þáttum sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila samkvæmt mati eða skráningu sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

11. gr.

*Kvartanir og kærur.*

Kvörtunum vegna meðhöndlunar úrgangs skal komið á framfæri við skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stjórnvaldsáklarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

12. gr.

*Viðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.

*Lagastöð og gildistaka.*

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

F. h. r.